

Reglur um þjónustuíbúðir fyrir aldraða í Eyjahrauni 1

1. Kafli

Almennt um þjónustuíbúðir Eyjahrauni 1

1. Gr.

Skilgreining

Með þjónustuíbúðum er átt við leiguíbúðir sem eru sérstaklega ætlaðar öldruðum sbr. lögum nr 125/1999 um málefni aldraðra og eru leigðar út hjá Fjölskyldu-og fræðslusviði Vestmannaeyjabæjar. Þjónustuíbúðir eru ætlaðar þeim sem þurfa töluverða aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili sbr. 1. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125 / 1999.

Þjónustuíbúðir, þjónustustig

Þjónustuíbúðir eru íbúðir þar sem gætt hefur verið að aðgengis- og öryggismálum. Innangengt er í félags- og þjónustumiðstöð (Hraunbúðir) þar sem aðstaða er fyrir íbúa til að sinna félagsstarfi. Starfsfólk í stoðþjónustu er til staðar hluta úr degi ásamt öryggiskerfi. Starfsmaður stoðþjónustu er til staðar alla virka daga til hádegis til að aðstoða íbúa samkvæmt einstaklingsbundnu mati. Heimahjúkrun sem er á vegum Heilbrigðisstofununar er veitt samkvæmt mati. Sameiginlegur matur í hádegi er í boði í setustofu ásamt því að hægt er að kaupa þjónustu frá Hraunbúðum.

2.gr.

Markmið

Markmið með rekstri þjónustuíbúða er að mæta þörfum íbúa sem þar búa, stuðla að sjálfstæði þeirra s.s hvað varðar fjármál og heimilishald og stuðla að sem mestri sjálfsbjargargetu hvers og eins. Þeim er ætlað að vera íbúum hentugur bústaður þar sem þeir geta haldið eigið heimili sem lengst við ákjósanlegar aðstæður. Með því móti er leitast við að fresta eða koma í veg fyrir stofnanadvöl. Þjónustuíbúðir eru úrræði í þeim tilvikum þegar tilboð heilbrigðis- og félagsþjónustu í heimahús fullnægja ekki þjónustupörf lengur og/eða þegar einstaklingur samkvæmt þjónustumati getur ekki lengur búið í sjálfstæðri búsetu án mikillar þjónustu.

3.gr.

Þjónustuíbúðir

Þjónustuíbúðir sem úthlutað er samkvæmt reglum þessum eru í Eyjahrauni 1, íbúðir A – K.

II. KAFLI

Réttur til umsóknar

4.gr.

Hverjir geta sótt um þjónustuíbúðir

Forsendur þess að sækja um þjónustuíbúð er að umsækjandi uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

- a) Hafa átt lögheimili í Vestmannaeyjum a.m.k samfelld í 6 mánuði fyrir umsóknardag
- b) Umsækjandi sé 67 ára eða eldri
- c) Umsækjandi sé í þörf fyrir verulega aðstoð eða stuðning til að geta búið á eigin heimili
Umsækjandi sé að mati félagsráðgjafa/ráðgjafa og heilbrigðisstarfsfólks sem málið þekkja í þörf fyrir þjónustu og stuðning sem ekki er unnt að veita í núverandi húsnæði umsækjanda

Úthlutun leiguíbúða, mat á þjónustupörf, forgangsröðun ofl.

5.gr.

Sótt er um þjónustuíbúðir á sérstökum eyðublöðum á www.vestmannaeyjar.is, í þjónustuveri bæjarskrifstofu Vestmannaeyjabæjar eða á Hraunbúðum. Með umsóknum um þjónustuíbúð þarf að fylgja læknisvottorð.

Mat á þörf fyrir þjónustuíbúð

6.gr.

Uppfylli umsækjandi skilyrði 4. gr raðast umsóknin í forgangsröð eftir ákveðnum matsviðmiðum sbr fylgiskjal 1. Við matið er haft til hliðsjónar núverandi heilsufar, félagslegar aðstæður, hvort viðkomandi sé á biðlista eftir dvalarrými, núverandi húsnæðisaðstæður og hvort viðkomandi eigi maka á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hraunbúðum.

7.gr.

Umsækjandi skal vera í tengslum við félagsráðgjafa/ráðgjafa sinn á biðtímanum ef breytingar á högum verða sem áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat og umsókn viðkomandi. Félagsráðgjafi/ráðgjafi skal veita umsækjanda upplýsingar um stöðu á biðlista, endurmeta aðstæður og veita félagslega ráðgjöf ef þurfa þykir.

Úthlutun

Úthlutun á þjónustuíbúð

8.gr.

Úthlutun þjónustuíbúða fer fram á sérstökum úthlutunarfundi matshóps sem samansettur er af þremur starfsmönnum Fjölskyldu- og fræðsluviðs

9.gr.

Skriflegt svar

Umsækjandi fær skriflegt svar þar sem fram kemur niðurstaða úthlutunar og réttur hans til að áfrýja ákvörðun.

Húsaleigusamningar

10. gr.

Húsaleigusamningar vegna þjónustuíbúða eru að meginreglu ótímabundnir. Ennfremur er heimilt að gera samning til skemmri tíma við leigjanda.

11. gr.

Uppsögn skal vera skrifleg. Uppsagnarfrestur af hálfu leigjanda miðast við mánaðarmót eða miðjan mánuð. Um uppsagnarfrest leigusala fer eftir húsaleigulögum nr. 36/1994. Uppsagnarfrestur af hálfu leigusala ótímabundins samnings er sex mánuðir nema ef leigjandi hefur haft íbúð á leigu lengur en fimm ár en þá skal uppsagnarfrestur af hálfu leigusala vera eitt ár. Tímabundnum leigusamningi lýkur á umsömdum degi án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila. Um uppsögn leigusamninga vegna vanefnda af hálfu leigutaka eða leigusala fer samkvæmt XI kafla húsaleigulaga nr. 36/1994.

12. gr.

Við upphaf leigu þarf að leggja fram tryggingafé samsvarandi tveggja mánaða leigu. Leiga er bundin vísitölu neysluverðs en leiga breytist að öðru leyti samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Breytingar á leigufjárhæð skv. ákvörðun bæjarstjórnar taka gildi 1. dag næsta mánaðar eftir að ákvörðun liggur fyrir, nema í ákvörðuninni sé mælt fyrir um annan tíma.

13. gr.

Við afhendingu leiguíbúðar greiðist leiga og hússjóður fyrsta leigumánaðar en leiga er greidd fyrirfram. Við afhendingu íbúðar er jafnframt greitt tryggingafé sbr. 23. gr. sem nemur tveggja mánaða leigu.

14. gr.

Við afhendingu skal liggja fyrir úttekt á ástandi húsnæðis, undirrituð af leigutaka og eftirlitsmanni fasteigna hjá Vestmannaeyjabæ fyrir hönd leigusala. Úttekt á ástandi húsnæðis er gerð í upphafi og enda leigutíma.

15. gr.

Skilyrði fyrir leigu er að leigjandi sé í greiðsluþjónustu, beingreiðslu eða annað það fyrirkomulag ríkjandi sem samkomulag næst um og tryggir öruggar greiðslur leigutaka. Skilyrði er að umsækjandi sé ekki í vanskilum við Vestmannaeyjabæ, stofnanir hans eða fyrirtæki við afhendingu leiguíbúðar nema matshópur geri sérstakar undanþágur frá því. Hægt er að semja um að húsaleigubætur sem leigjandi fær fari beint til lækkunar húsaleigu. Ef um vanefndir á húsaleigugreiðslum verður að ræða er Vestmannaeyjabæ heimilt að leggja til við leigjanda um að húsaleigubætur hans renni til lækkunar á skuld, að öðrum kosti verði húsaleigubætur felldar niður sbr. 5. mgr. 15. gr. laga um húsaleigubætur nr. 138/1997.

16. gr.

Skyldur leigutaka eru tilgreindar í húsaleigulögum nr. 36/1994, leigusamningi og einnig í sérákvæðum leigusamnings. XII Endurskoðun leiguréttar

Málskotsréttur og endurupptaka máls.

17. gr.

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun hlutaðeigandi starfsmanna til fjölskyldu- og tómstundaráðs innan 4 vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Skal ráðið fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskyldu- og tómstundaráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun ráðsins.